



Co-funded by the
European Union

Intersectional Approach to Combating Homelessness for Women

Project: 101172611 — INTERACT — ESF-2023-HOMELESS

Uppbygging þekkingar og þjálfun

WP2 D2.1: Capacity Building Material

Íslensk staðfæring og þýðing



September 2025

Ábyrgð á áfangagögnum D2.1: MondoDonna, Cooperativa Sociale Società Dolce, ASP Città di Bologna.

Höfundar:

M. Chiara Rosa, MondoDonna

Sara Azzarelli, MondoDonna

Giulia Rossini, Cooperativa Sociale Società Dolce

Claudia Rappuoli, Cooperativa Sociale Società Dolce

Consuelo Bianchelli, ASP Città di Bologna

Luana Redalié, ASP Città di Bologna

Styrkt af Evrópusambandinu. Skoðanir og viðhorf sem sett eru fram í skýrslunni eru eingöngu á ábyrgð höfunda og endurspeгла ekki endilega skoðanir Evrópusambandsins eða framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Hvorki er hægt að kalla Evrópusambandið né styrkveitanda til ábyrgðar á skrifum þessum.

Tilvísun: 101172611 — INTERACT — ESF-2023-HOMELESS

EFNISYFIRLIT

Aðlögun fræðslu og þjálfunar að staðbundnum aðstæðum	2
Inngangur	3
I. Fræðsla og þjálfun innanlands	5
1.1. Fræðslu- og þjálfunaráætlun	5
1.2. Fyrsta lota: Stuðningur við heimilislausar konur. Kynjamiðuð nálgun og inngilding	7
1.3. Önnur lota: Skaðaminnkun og húsnæði fyrst frá kynjasjónarmiði. Samtvinnun mismunabreyta og stuðningur við heimilislausar konur út frá sjónarhorni samtvinnunar	8
1.4. Þriðja lota: Áfallamiðuð nálgun. Hvernig á að skapa öruggari rými og starfshætti fyrir bæði heimilislausar konur og fagfólk.....	10
1.5. Fjórða lota: Tengslanet milli þjónustuaðila: Tungumáli og aðferðum miðlað til að veita heimilislausum konum skilvirkari stuðning	11
II. Fjölpjódleg fræðslunámskeið	14
2.1. Fyrri námskeiðið - tveir rýnihópar skiptast á reynslu af námsferlinu	14
2.2. Seinna námskeiðið – að byggja upp fjölpjódlegt tengslanet: rými til að þróa sameiginlegar leiðbeiningar	14
III. Leiðbeiningar um uppbyggingu og aðferðafræði þjálfunar	16
3.1. Þjálfun.....	16
3.3. Fræðsluumhverfið	17
3.4. Fræðsluáðferðir	17
3.5. Námsmat	18
Viðauki I - um bakgrunn og þróun fræðslu- og þjálfunarefnis	20
Viðauki 2 - um tungutak og hugtakanotkun í íslensku samhengi	22
Tillögur að lesefni.....	24
Lesefni tengt heimilisleysi á Íslandi	24
Lesefni eftir fræðslulotum	24
1. lota – Kynjamiðuð nálgun og inngilding.....	24
2. lota – Skaðaminnkun og húsnæði fyrst.....	25
3. lota – Áfallamiðuð nálgun og örugg rými	26
4. lota – Þverfaglegt tengslanet og samræmd hugtakanotkun	26
Kynlíf gegn endurgjaldi - Heimildir	27
Hugtakalistar sem tengjast efninu	28

AÐLÖGUN FRÆÐSLU OG ÞJÁLFUNAR AÐ STAÐBUNDNUM AÐSTÆÐUM

Þetta skjal er þýðing og staðfæring á fyrstu þremur köflum upprunalegrar enskrar útgáfu af *Capacity Building Training Materials*, eða fræðslu- og þjálfunarefni, í verkhluta 2 af verkefninu *Intersectional Approach to Combating Homelessness for Women* (INTERACT-verkefnið). Eins og nánar er lýst í inngangi var þetta efni unnið undir forystu MondoDonna, ítölsku samstarfsaðila verkefnisins.

Við aðlögun efnisins að íslenskum aðstæðum hafa verið gerðar nokkrar breytingar sem lúta að tungutaki, hugtakanotkun, framsetningu efnis og efnislegum áherslum. Þessar breytingar voru nauðsynlegar til að fella efnið að íslensku þjónustu- og stjórnsýsluumhverfi, menningarlegu samhengi og markhópi fræðslunnar hér á landi.

Glærur tengdar fræðslunni voru aðlagðar íslenskum aðstæðum og fræðsluþörf. Við aðlögunina var gert ráð fyrir að fyrirlesarar hefðu svigrúm til að útbúa eigin glærur í samræmi við þann sameiginlega grunn sem lagt var upp með. Þær eru því ekki í fullkomnu samræmi við upprunalega útgáfu MondoDonna. Endanlegur glærupakki verður því ekki tilbúinn fyrr en að sérfræðingarnir hafa lokið undirbúningi sínum.

Í þessari aðlöguðu íslensku útgáfu hefur verið bætt við úrvali fræðigreina og heimilda sem styðja við efnið og setja það í samhengi við innlent lagaumhverfi, stefnumótun og þjónustu.

Ensk útgáfa fræðslu- og þjálfunar efnisins inniheldur auk þess hagnýtar æfingar til þjálfunar sem og glærupakka þar sem meginefni allra fræðslulota er sett fram. Lesendur sem vilja kynna sér efnið nánar eða víkka sjónarhorn sitt á þverþjóðlegt samstarf er vísað á ensku útgáfu skjalsins.

INNANGANGUR

Verkefnið *Intersectional Approach to Combating Homelessness for Women (INTERACT)* hefur það að meginmarkmið að þróa samþættar, kynja- og áfallamiðaðar lausnir til að takast á við heimilisleysi kvenna í Evrópu.

Í fyrsta verkhluta verkefnisins var þróað tilraunarlíkanið **INTERACT Pilot Model of Intervention (INTERACT líkanið)**. Það miðar að því að bregðast við þeim flókna veruleika heimilislausra kvenna sem mótast af kyni, stétt, heilsu, mismunun og öðrum samtvinnuðum félagslegum þáttum. Líkaninu er ætlað að veita hagnýtan og gagnreyndan ramma sem byggir á þeirri forsendu að kynjamiðuð og þverfagleg samþætt nálgun sé forsenda árangursríkrar þjónustu.

Til að skilgreina íhlutanir og árangursvísa hafa eftirfarandi fimm **INTERACT staðlar** (IS) verið þróaðir sem grunnur að öllu starfi verkefnisins:

- IS1: Innleiða jafnréttis- og kynjamiðaðar nálganir í aðgerðum gegn heimilisleysi.
- IS2: Skila alhliða og samþættum umönnunar- og íhlutnarlíkönum til að bregðast við margþættum og flóknum þjónustupörfum fjölbreytilegra hópa heimilislausra kvenna.
- IS3: Bjóða áfallamiðaðan og lágþröskulda stuðning fyrir heimilislausar konur sérstaklega, þær sem hafa upplifað kynbundið ofbeldi og eða nota vímuefni.
- IS4: Skipuleggja aðkomu heimilislausra kvenna að hönnun, innleiðingu, mati, aðlögun, og stöðugum umbótum á íhlutuninni.
- IS5: Nýta kynjavísa og kyngreind gögn við eftirlit og mat á árangri íhlutana.

Þessir staðlar mynda fræðilegan og hagnýtan grunn fyrir **verkhluta 2 (Capacity Building)**, sem snýr að uppbyggingu þekkingar og færni meðal samstarfsaðila og fagaðila. Verkhlutinn er leiddur af ítalska samstarfsaðilanum MondoDonna, sem ber ábyrgð á þróun og samræmingu fræðslu- og þjálfunarefnis fyrir alla samstarfsaðila.

Markmiðið er að byggja upp **sameiginlegan þekkingargrunn, aðferðir og verkfæri** sem styrkja fagfólk og stofnanir til að móta og veita kynjamiðaðan, öruggan og aðgengilegan stuðning við heimilislausar konur með innleiðingu INTERACT-líkansins.

Til að ná þessum markmiðum þróaði ítalska teymið **samræmda námskrá og fræðsluáætlun** byggða á greiningu á þörfum fagfólks og notenda þjónustunnar. Sú greining var unnin út frá niðurstöðum rýnihópa samstarfsaðila og *interview*-vinnustofa sem ábyrgðaraðilar verkhluta 2 skipulögðu (sjá nánar í viðauka).

Fræðsluáætlunin nýtir bæði **megindlegar og eigindlegar aðferðir**: rýnihópa, samráðsvinnu-stofur og fræðslu- og matsferla sem byggja á reynsluþekkingu og þátttöku. Þessari nálgun er ætlað að tryggja að fræðslan endurspegli raunverulegar aðstæður og stuðli að varanlegum breytingum á starfsháttum og stefnumótun.

Þátttakendur fá tækifæri til að **efla faglega hæfni og beita nýjum aðferðum** við greiningu, úrræðagerð og þjónustu við heimilislausar konur sem kunna að hafa upplifað kynbundið ofbeldi eða standa frammi fyrir fjölþættum vanda.

Í köflunum hér á eftir er fjallað um uppbyggingu, innihald og markmið fræðslu og þjálfunar innanlands og á fjölþjóðlegum vettvangi, auk aðferðafræði og matsaðferða sem tryggja samfellu og gæði í fræðslunni. Þannig byggir verkhuti 2 beint á niðurstöðum og grunni verkhuta 1, þar sem INTERACT-líkanið var þróað og verður prófað. Þjálfunin undirbýr fagfólk fyrir næstu skref í innleiðingu líkansins.

I. FRÆÐSLA OG ÞJÁLFUN INNANLANDS

Fræðslan innanlands er **ætluð fagfólki, stjórnendum og stefnumótunaraðilum** sem starfa með heimilislausum konum eða tengjast málaflökki heimilislausra í starfi sínu sem og háskólakennurum, rannsakendum og nemendum sem starfa á sviðinu. Hún er sniðin að þörfum fagfólks í framlínu, sérfræðinga í stefnumótun og stjórnun og annarra hagsmunaaðila á sviði félags-, heilbrigðis- og velferðarþjónustu.

Fræðslunni er skipt upp í fjórar lotur sem miða að því að ná eftirfarandi lykilmarkmiðum:

- Að efla sameiginlegan skilning á meginmarkmiðum INTERACT-verkefnisins, kynja- og áfallamiðaðri nálgun, skaðaminnkun, samtvinnun mismunabreyta og verkfærum til að greina, grípa inn í og vinna gegn heimilisleysi kvenna.
- Að auka skilning á samtvinnun heimilisleysis, kynbundins ofbeldis, geðheilbrigðis- og vímuefnavanda og annarra mismunabreyta eins og borgaralegrar stöðu, fötlunar, kynvitundar o.s.frv.
- Að efla hagnýta færni fyrir samþætta, einstaklings- og áfallamiðaða nálgun í samræmi við INTERACT-innleiðingarlíkanið.
- Að styrkja tengslanet og samstarf milli þjónustuaðila og á mismunandi svæðum með fenginni reynslu af innleiðingu líkansins.
- Að stuðla að þróun einstaklings- og mannréttindamiðaðrar þjónustu.
- Að tryggja innleiðingu kynjamiðaðra nálgana í anda INTERACT-líkansins sem grundvallast á eftirfarandi lykilþáttum:
 - Kynbundnar áætlanir og viðbrögð sem sniðin eru að sérstökum þörfum og reynslu kvenna, kynsegin og trans fólks.
 - Sanngjörn og réttlát skipting fjármagns sem tryggir kynjunum jafnan aðgang að stuðningi.
 - Langtíma húsnæðis- og stuðningsúrræði, sem stuðla að stöðugleika og samfelli í þjónustu í stað tímabundinna lausna.
 - Skaðaminnkandi og lágþröskulda nálganir í þjónustu, sem draga úr aðgengishindrunum og mæta fólki á þeirra eigin forsendum.
 - Samfélags- og þátttökumiðaðar nálganir, þar sem notendur þjónustunnar taka virkan þátt í mótun, framkvæmd og mati á íhlutunum.
 - Menningarnæmi, sem felur í sér virðingu fyrir og aðlögun að fjölbreyttum bakgrunni, sjálfsmyndum og aðstæðum heimilislausra kvenna.

1.1. FRÆÐSLU- OG ÞJÁLFUNARÁÆTLUN

Í þessum kafla er kynning á fræðslu- og þjálfunarlotum í öðrum verkhúta fræðslunnar og markmiðum þeirra. Uppbyggingu námskeiðanna er lýst, megináherslum og tengingu þeirra við

INTERACT-líkanið, auk þess sem hann dregur fram leiðarljós og sameiginlegan fræðilegan ramma fræðslunnar.

Fræðslunni er skipt upp í fjórar fjögurra klukkustunda lotur, samtals 16 klukkustundir:

I. lota (4 klst.): Stuðningur við heimilislausar konur. Kynjamiðuð nálgun og inngilding til að takast á við flóknar þarfir og margþætta mismunun.

II. lota (4 klst.): Skaðaminnkun og húsnæði fyrst frá kynjasjónarmiði. Samtvinnun mismunabreyta og stuðningur við heimilislausar konur.

III. lota (4 klst.): Áfallamiðuð þjónusta. Að skapa öruggari rými og þróa starfshætti til hagsbóta fyrir bæði heimilislausar konur og fagfólk.

IV. lota (4 klst.): Tengslanet í þjónustu. Tungumáli og aðferðum miðlað til að veita heimilislausum konum skilvirkari stuðning.

Loturnar skal aðlagðar að staðbundnum þörfum og taka mið af stöðu þekkingar þátttakenda og starfsumhverfi þeirra. Markmiðið er að efla skilning á grundvallaratriðum raunverulegrar heildrænnar, kynja- og áfallamiðaðrar þjónustu – þar sem heilsufarslegir, félagslegir, sálrænir og fræðslutengdir þættir eru tengdir saman í eina heild.

Fræðslu- og þjálfunarlöturnar fjórar mynda samfellda og gagnvirka heild sem stuðlar að uppbyggingu heildstæðrar, hagnýtrar og samþættrar þekkingar meðal þátttakenda. Loturnar skal aðlagðar að staðbundnum þörfum og taka mið af stöðu þekkingar, reynslu og starfsumhverfi þátttakenda.

Markmiðið er að efla skilning á grundvallarþáttum heildrænnar, kynja- og áfallamiðaðrar þjónustu þar sem heilsufarslegir, félagslegir, sálrænir og fræðslutengdir þættir eru tengdir saman í eina heild.

Heildræn nálgun fræðslunnar grundvallast á þeirri forsendu að velferð kvenna verði hvorki skilin frá efnis- og sálfélagslegum aðstæðum þeirra né réttinum til að njóta mannréttinda. Því er heildræn og þverfagleg nálgun lykilatriði. Hún stuðlar að samstarfi milli kerfa, þjónustustiga og starfsgreina og tryggir að þjónusta endurspegli og svari þeim flókna veruleika sem mótar líf heimilislausra kvenna.

Fyrstu þrjár loturnar leggja hugmynda- og aðferðafræðilegan grunn að þverfaglegum, kynja- og áfallamiðuðum starfsháttum og samþættingu þjónustu og samvinnu milli fagsviða og þjónustustiga.

Fjórða lotan byggir á þessum grunni og leggur áherslu á innleiðingu verkfæra og aðferða sem styrkja samstarf milli stofnana og stuðla að samræmdu og samhæfðu þjónustukerfi

Fræðslan í heild miðar að því að efla samstarf og samhæfingu milli ólíkra hagsmunaaðila sem vinna í málaflokki heimilislausra, sérstaklega kvenna. Hún markar jafnframt upphafið fyrir aðlögun og innleiðingu INTERACT-tilraunalíkansins (e. *Pilot Model of Intervention*) sem fellur

undir verkhluta 1 og byggir á samþættri, mannréttinda-, kynja- og áfallamiðaðri nálgun og skaðaminnkun.

Í köflum 1.2.-1.5 er fjallað um uppbyggingu fræðslunnar og helstu viðfangsefni hverrar lotu í samræmi við námskrána. Markmið þessara kafla er að draga fram lykilþætti og námsmarkmið fræðslunnar, styðja samstarfsaðila við skipulagningu og val á sérfræðingum fyrir hverja lotu og veita sameiginlegan fræðilegan grunn og ramma sem hægt er að aðlaga að aðstæðum og fræðsluþörfum í hverju landi.

Allar fjórar lotur fræðslunnar endurspeglar meginmarkmið INTERACT-líkansins og styðja við fimm staðla þess (IS1–IS5). Fyrstu þrjár loturnar leggja grunn að samþættri og kynjamiðaðri þjónustu sem byggir á áfallamiðaðri nálgun og inngildingu. Þær tengjast sérstaklega stöðlunum IS1–IS3. Fjórða lotan tengist beint IS4 og IS5 þar sem hún leggur áherslu á samstarf, virka þátttöku notenda og þróun sameiginlegra mælikvarða til mats og umbóta í þjónustu.

1.2. FYRSTA LOTA: STUÐNINGUR VIÐ HEIMILISLAUSAR KONUR. KYNJAMIÐUÐ NÁLGUN OG INNGILDING

Tenging við INTERACT-líkanið:

- IS1: Innleiða jafnréttis- og kynjamiðaðar nálganir í aðgerðum gegn heimilisleysi.
- IS2: Skila alhliða og samþættum umönnunar- og íhlutnarlíkönum til að bregðast við margþættum og flóknum þjónustuþörfum fjölbreytilegra hópa heimilislausra kvenna.
- IS4: Skipuleggja aðkomu heimilislausra kvenna að hönnun, innleiðingu, mati, aðlögun og stöðugum umbótum á íhlutuninni.

Í fyrstu lotunni verður fjallað um **heimilisleysi í víðu samhengi**, þar á meðal skilgreiningar, alþjóðlega samninga og innlend lög og stefnur sem tengjast málaflokki heimilislausra og aðgerðum gegn kynbundnu ofbeldi. Sérstök áhersla er á **heimilislausar konur** og þær margþættu, samtvinnuðu og flóknu áskoranir sem þær geta staðið frammi fyrir, þar með talið er kynbundið ofbeldi, vímuefnavandi og geðheilbrigði. Einnig að fjallað um **kynjamiðaðar og þverfaglegar nálganir** sem hagnýt tæki til að skilja þennan flókna veruleika. Í því felst meðal annars að skoða samfélagið í gegnum linsu forréttinda og kúgunar, greina hvernig margþætt mismunur virkar og kynna gagnlegar aðferðir til að bera kennsl á og takast á við hana.

HELSTU NÁMSMARKMIÐ

Við lok þessarar lotu hafa þátttakendur öðlast:

- Aukna vitund um helstu hugtök og grundvallarþætti sem tengjast kynjamiðaðri og margþættri nálgun í íhlutunum vegna heimilisleysis kvenna. Þar á meðal eru samtvinnun mismunabreyta og áhrif félagslegra valdatengsla.
- Dýpri skilning á því hvernig kynbundið ofbeldi, mismunur, félagslegur ójöfnuður og aðrir þættir skarast, móta og viðhalda heimilisleysi.

- Tækifæri til að íhuga og greina hvernig samþættingu kynja-, áfalla- og samtvinnunar-sjónarmiða er háttað í eigin starfsumhverfi og faglegu starfi.

Þessi lota styður sérstaklega við INTERACT-staðla IS1 og IS2, sem leggja áherslu á jafnréttis- og kynjamiðaða nálgun og samþætta þjónustu sem tekur mið af margþættum þörfum heimilislausra kvenna. Hún tengist jafnframt IS4, þar sem hún hvetur til virkrar þátttöku kvenna í mótun og þróun þjónustu, og undirbýr fagfólk til að beita kynja- og réttindamiðaðri sýn í stefnumótun og úrræðagerð.

1.3. ÖNNUR LOTA: SKAÐAMINNKUN OG HÚSNÆÐI FYRST FRÁ KYNJASJÓNARMÍÐI. SAMTVINNUN MISMUNABREYTA OG STUÐNINGUR VIÐ HEIMILISLAUSAR KONUR ÚT FRÁ SJÓNARHORNÍ SAMTVINNUNAR

Tenging við INTERACT líkanið:

- IS2: Skila alhliða og samþættum umönnunar- og íhlutnarlíkönum til að bregðast við margþættum og flóknum þjónustubörfum fjölbreytilegra hópa heimilislausra kvenna.
- IS3: Bjóða áfallamiðaðan og lágþröskulda stuðning fyrir heimilislausar konur, sérstaklega þær sem hafa upplifað kynbundið ofbeldi og eða nota vímuefni.
- IS4: Skipuleggja aðkomu heimilislausra kvenna að hönnun, innleiðingu, mati, aðlögun og stöðugum umbótum á íhlutuninni.

Í þessari lotu er fjallað um **skaðaminnkun** á kynja- og áfallamiðaðan hátt. Sérstaklega skal rýna aðgerðaáætlanir og nálganir í málaflokki heimilislausra bæði almennt og eins og þær snúa að stuðningi við heimilislausar konur, trans og kynsegin fólk. Lotan hvetur einnig til ígrundunar á ríkjandi samfélagslegri orðræðu um vímuefnanotkun og skaðaminnkun sem bæði hagnýta og siðferðilega nálgun.

Farið er í greiningu á hvernig **vímuefnanotkun og önnur áhættu hegðun** mótast af áföllum, ójöfnuði og kerfisbundinni jaðarsetningu. Einnig er fjallað um hvernig fordómar tengdir kyni, kynhneigð, uppruna, fötlun og fátækt geta skapað hindranir í þjónustu og aukið varnarleysi. Skaðaminnkun er skoðuð út frá **mannréttindasjónarmiðum** þar sem fólki er sýnd virðing, þvingunum er ekki beitt og jafningjareynsla er metin að verðleikum sem hagnýtt tæki til að vinna gegn fordómum og stuðla að inngildingu. Áhersla er jafnframt lögð á **þátttöku og jafningjareynslu** sem lykilþætti í hönnun og framkvæmd skaðaminnkandi úrræða sem eru bæði árangursrík og réttlát.

Þátttakendur læra hvernig hægt er að **lágmarka mögulegan skaða** með notendamiðuðum og hagnýtum stuðningi án þess að misvirða sjálfræði og sjálfsákvörðunarrétt. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að hlusta á fólk í jaðarsettum samfélögum til að tryggja að þjónustan endurspegli raunverulegar þarfir þess, byggji upp traust og ýti undir valdeflingu.

Einnig er fjallað um mikilvægi þess að nálgast **skaðaminnkun á kynja- og áfallamiðaða hátt** og stuðla að inngildingu. Heimilislausar konur standa frammi fyrir sértækum og margþættum vanda - svo sem kynbundnu ofbeldi, umönnunarskyldu, félagslegum ósýnileika og útskúfun - sem oft

hefur áhrif á þróun vímuefnanotkunar þeirra. Frá sjónarmiði skaðaminnkunar er þessi veruleiki viðurkenndur og hann er staðsettur innan víðtækari ramma réttinda og réttlætis.

Skaðaminnkun er hér kynnt **sem stefna valdeflingar og kerfisbreytinga**. Hún snýst um að tryggja öryggi og reisu, draga úr útilokun og virða sjálfsákvörðunarrétt kvenna. Áherslan í lotunni er á réttindi í verki, svo sem réttinn til heilsu, húsnæðis og þátttöku og frelsis frá ofbeldi og aðgang að öruggri þjónustu þar sem fólki er mætt án fordóma.

Þátttakendur kynnast **hagnýtum skaðaminnkandi aðgerðum**, þar á meðal sérrýmum fyrir konur og/eða í umsjón kvenna, þjálfun starfsfólks í skaðaminnkun, persónulegar öryggisáætlanir.

Einnig verður fjallað um ýmsar **hagnýtar aðferðir og úrræði** tengd öruggri notkun vímuefna, forvörnum gegn ofskömmtnun, húsnæði fyrst, lágþröskulda- og grunnþjónustu, hreinlætisaðstöðu og vitundarvakningu um kynheilbrigði, sem hluta af heildrænni nálgun á heilsu og reisu.

Húsnæði er grundvallarmannréttindi og lykilþáttur í skaðaminnkunarstefnu, sérstaklega fyrir heimilislausar konur sem búa við áhættu á ofbeldi, fordómum og félagslegri útilokun. Í anda INTERACT-líkansins er lögð áhersla á að engin ein lausn henti öllum, heldur þurfi að bjóða upp á sveigjanleg, kynjamiðuð og samþætt húsnæðisúrræði sem taka mið af einstaklingsbundnum þörfum og lífsaðstæðum. Til dæmis:

- Húsnæði fyrst (e. *housing first*) – áhersla á að fólk fái sem fyrst varanlegt húsnæði án kröfu um bindindi.
- Áherslu á búsetuúrræði umfram annað (e. *housing-led*) – áhersla á að fólk fái sem fyrst aðgengi að öruggu húsnæði með sérsniðnum stuðningi. Ekki alltaf varanleg eða skilyrðislaus úrræði eins og í húsnæði fyrst;
- Bráðabirgðahúsnæði (e. *transitional housing*) – skammtímahúsnæði fyrir heimilislausar konur, meðal annars þær sem flýja ofbeldi eða útskrifast af stofnunum.
- Athvörf og skjólshús (e. *shelters and safe houses*) – skammtíma lágþröskuldahúsnæði til dæmis þar sem gæludýr eru velkomin, eingöngu fyrir konur.
- Samnýtt húsnæði/félagslegt húsnæði (e. *shared/community housing*) – deilihúsnæði sem byggir upp félagsleg tengsl;
- Húsnæði með stuðningi (e. *supported housing*) – langtímahúsnæði með einstaklingsmiðaðri þverfaglegri teymisþjónustu.

Íhlutun í húsnæðismálum er árangursríkust þegar hún fer fram samhliða heildrænni þjónustu, svo sem aðgangi að mat, hreinlætisvörum, kyn- og geðheilbrigðisþjónustu, foreldra- og fjölskyldustuðningi og áfallamiðaðri ráðgjöf. Rannsóknir sýna að slík nálgun bætir heilsu, dregur úr ofskömmtnunum og sýkingum, minnkar álag á neyðarþjónustu og lækkar dánartíðni.

Árangurinn byggir á samkennd, trausti og virku samstarfi við konurnar sjálfar. Þjónusta sem viðurkennir og vinnur með kynbundið ofbeldi, umönnunarábyrgð, samtvinnun mismunabreyta og sjálfsákvörðunarrétt einstaklinga stuðlar þannig að raunverulegu réttlæti, inngildingu og valdeflingu. Húsnæði verður í því samhengi ekki aðeins athvarf heldur réttindamiðað inngrip og vettvangur kerfisbreytinga – þar sem fagfólk og stofnanir geta, með fjölbreyttum

húsnæðisúrræðum og kynjamiðaðum stuðningi, umbreytt útilokun í reisn, öryggi og félagslegt réttlæti.

HELSTU NÁMSMARKMIÐ

Við lok þessarar lotu hafa þátttakendur:

- Öðlast þekkingu á meginreglum skaðaminnkunar og húsnæði fyrst aðferðum.
- Öðlast dýpri skilning á því hvernig fordómar, ójöfnuður og áföll hafa áhrif á vímuefnanotkun og húsnæðisútilokun.
- Ígrundað dæmi um hvernig hægt er að aðlaga og nýta aðferðir skaðaminnkunar og húsnæði fyrst til að veita konum og hinsegin einstaklingum stuðning.

Þessi lota styður sérstaklega við INTERACT-staðla IS2 og IS3 um samþætta og áfallamiðaða þjónustu, auk IS4 sem leggur áherslu á virka þátttöku heimilislausra kvenna í mótun og þróun úrræða.

1.4. ÞRIÐJA LOTA: ÁFALLAMIÐUÐ NÁLGUN. HVERNIG Á AÐ SKAPA ÖRUGGARI RÝMI OG STARFSHÆTTI FYRIR BÆÐI HEIMILISLAUSAR KONUR OG FAGFÓLK

Tenging við INTERACT líkanið:

- IS1: Innleiða jafnréttis- og kynjamiðaðar nálganir í aðgerðum gegn heimilisleysi.
- IS2: Skila alhliða og samþættum umönnunar- og íhlutnarlíkönum til að bregðast við margþættum og flóknum þjónustupörfum fjölbreytilegra hópa heimilislausra kvenna.
- IS3: Þjóða áfallamiðaðan og lágþröskulda stuðning fyrir heimilislausar konur, sérstaklega þær sem hafa upplifað kynbundið ofbeldi og eða nota vímuefni.
- IS4: Skipuleggja aðkomu heimilislausra kvenna að hönnun, innleiðingu, mati, aðlögun og stöðugum umbótum á íhlutuninni.

Í þessari lotu kynnast þátttakendur **áfallamiðaðri þjónustu**, sem er einn af grundvallarþáttum INTERACT-líkansins. Áfallamiðuð þjónusta er ekki aðeins safn aðferða heldur **heildræn hugmyndafræði** sem byggir á öryggi, trausti, samvinnu, valdeflingu og valfrelsi. Markmiðið er að skapa þjónustuumhverfi þar sem bæði heimilislausar konur og fagfólk upplifir öryggi, virðingu og stöðugleika.

Áfallamiðuð nálgun á sérstaklega vel við í þjónustu við heimilislausar konur, þar sem margar hafa orðið fyrir kynbundnu ofbeldi, félagslegri útilokun og margþættri mismunun. Slík reynsla hefur djúp áhrif á líkamlega og andlega heilsu, öryggiskennd og traust til þjónustukerfa. Til að byggja upp árangursrík úrræði þarf að skilja þessi áhrif, forðast endurupplifun áfalla og skapa skilyrði fyrir bata og langtíma vellíðan.

Þátttakendur eru hvattir til að ígrunda hvernig áföll og félagslegar aðstæður móta viðhorf og hegðun, bæði hjá konunum sjálfum og hjá þeim sem veita þjónustu. Áhersla er lögð á að skoða **áfallamiðaða nálgun** ekki aðeins sem aðferð heldur **sem siðferðilega og faglega skyldu** sem ætti að endurspeglast í allri þjónustu og stefnumótun.

Í lotunni er jafnframt fjallað um áhrif áfalla á fagfólk sem starfar með heimilislausum konum. Starfsfólk getur orðið fyrir **óbeinum áhrifum áfalla** (e. *secondary trauma*), samkenndarþreytu og kulnun. Því er mikilvægt að innleiða áfallamiðaða starfshætti einnig á vinnustaðnum. Vellíðan og öryggi starfsfólks er ekki einkamál einstaklingsins heldur sameiginlegt ábyrðarsvið stofnunarinnar. Með reglulegri **handleiðslu, jafningjasamræðum og stuðningsríkri teymismenningu** geta vinnustaðir skapað umhverfi sem styður starfsfólk, eykur sjálfbærni og styrkir gæði þjónustunnar.

Þátttakendur læra jafnframt að bera kennsl á einkenni **samkenndarþreytu og kulnunar** og beita aðferðum eins og *intervison* og klínískri handleiðslu til að efla eigin vellíðan og faglegan stöðugleika.

Áfallamiðuð þjónusta byggir á þeirri sýn að öryggi, traust og valdefling séu forsenda bata – bæði fyrir þjónustugefa og fagfólk. Þegar stofnanir tileinka sér áfallamiðaða menningu skapast grundvöllur fyrir heilbrigðara vinnuumhverfi, skilvirkari þjónustu og mannlega reisn. Þannig verður áfallamiðuð nálgun ekki aðeins fagleg aðferð, heldur **menningarbreyting sem leiðir til valdeflingar, öryggis og félagslegs réttlætis** innan þjónustukerfa.

HELSTU NÁMSMARKMIÐ

Við lok þessarar lotu munu þátttakendur hafa:

- Kynnst grunnreglum áfallamiðaðrar nálgunar (öryggi, traust, valdefling, valfrelsi og samvinna).
- Öðlast betri skilning á því hvernig áföll geta haft áhrif á bæði konur sem upplifa heimilisleysi og fagfólk sem vinnur með þeim.
- Hugleitt aðferðir til að draga úr hættu á endurupplifun áfalla og efla sameiginlega vellíðan og öryggistilfinningu starfsfólks.

Þessi lota tengist sérstaklega INTERACT-stöðlunum **IS1, IS2 og IS3**, sem leggja áherslu á samþætta, kynja- og áfallamiðaða þjónustu, og **IS4**, sem styður virka þátttöku notenda í þróun og umbótum.

1.5. FJÓRÐA LOTA: TENGLANET MILLI ÞJÓNUSTUAÐILA: TUNGUMÁLI OG AÐFERÐUM MIÐLAÐ TIL AÐ VEITA HEIMILISLAUSUM KONUM SKILVIRKARI STUÐNING

Tengsl við INTERACT-líkanið:

IS1: Innleiða jafnréttis- og kynjamiðaðar nálganir í aðgerðum gegn heimilisleysi.

- IS2: Skila alhliða og samþættum umönnunar- og íhlutnarlíkönum til að bregðast við margþættum og flóknum þjónustupörfum fjölbreytilegra hópa heimilislausra kvenna.
- IS3: Bjóða áfallamiðaðan og lágþröskulda stuðning fyrir heimilislausar konur, sérstaklega þær sem hafa upplifað kynbundið ofbeldi og eða nota vímuefni.
- IS4: Skipuleggja aðkomu heimilislausra kvenna að hönnun, innleiðingu, mati, aðlögun og stöðugum umbótum á íhlutuninni.

Fjórða og síðasta lotan er tileinkuð **starfsháttum og aðferðum til að byggja upp tengslanet** meðal þjónustuaðila, styrkja þau og stuðla að sameiginlegri og inngildandi hugtakanotkun. Hún byggir á þeim grunni sem lagður hefur verið fyrri lotunum þremur, þar sem þátttakendur hafa aflað sér þekkingar og verkfæra til að greina áhrif kyns, áfalla og samtvinnunar mismunabreyta á líf og aðstæður kvenna. Markmið lotunnar er að skoða hvernig þessi þekking nýtist til að stuðla að innleiðingu árangursríks þverfaglegt samstarfs og byggja upp heildstætt þjónustukerfi sem gerir þjónustu við heimilislausar konur markvissari og árangursríkari.

Þverfagleg og samhæfð vinna er forsenda þess að tryggja samfellu í þjónustu og byggja upp raunhæf úrræði sem sniðin eru að þörfum hvers einstaklings. Slík nálgun krefst ekki aðeins samhæfingar á milli kerfa og fagstétta, heldur einnig sameiginlegs tungumáls og hugtakanotkunar sem styður við sameiginleg markmið.

Með því að hvetja til samræðna milli þjónustuaðila miðar lotan að því að **styrkja gagnkvæman skilning og samræma viðbrögð** innan kerfisins. Þátttakendur fá tækifæri til að ígrunda hvernig mismunandi orðræðuhefðir og hugtök — sem notuð eru í stefnumótun, aðgerðaáætlunum og daglegu starfi — hafa bein áhrif á það hvernig þjónusta er hönnuð, veitt og hvernig notendur upplifa hana.

Tungumálið hefur mótandi áhrif á allt ferlið — frá stefnumótun til framkvæmdar og aðgengis. Það mótar hvernig við skilgreinum þarfir, hvernig við bregðumst við þeim og hvernig þjónustan sjálf er skipulögð. Orð geta ýtt undir samstarf eða skapað hindranir, eftt valdeflingu eða viðhaldið útilokun. Því er **samræmd, ígrunduð og mannréttindamiðuð hugtakanotkun** lykilþáttur í að ná fram samþættri þjónustu þar sem notendur, fagfólk og stofnanir tala bókstaflega og faglega sama tungumál.

Að próa slíkan sameiginlegan skilning stuðlar að sterkari tengslum milli kerfa, samfellu í stuðningi og skilvirkari úrræðum. Þannig verður tungumál ekki aðeins lýsandi þáttur heldur burðarstoð í menningu sem styður við þverfaglegt samstarf og samþættingu þjónustu.

HELSTU NÁMSMARKMIÐ

Við lok þessarar lotu munu þátttakendur hafa:

- Öðlast skilning á mikilvægi sameiginlegs og inngildandi málvars fyrir samstarf milli þjónustuaðila;

- Ígrundað hvernig hugtök eru notuð á mismunandi hátt í alþjóðlegu samhengi, á landsvísu og í staðbundnu samhengi;
- Lagt sitt af mörkum til umræðu um hvernig hægt er að aðlaga INTERACT-orðalistann að staðbundnum veruleika og virða um leið rétt kvenna til að skilgreina sig sjálfar.

Þessi lota styður sérstaklega við INTERACT-staðla **IS1**, **IS2** og **IS4**, þar sem hún leggur áherslu á samþætta og kynjamiðaða þjónustu sem byggir á samstarfi, gagnkvæmum skilningi og sameiginlegu tungumáli milli þjónustuaðila, Hún tengist einnig **IS5**, sem snýr að þróun sameiginlegra mælikvarða og matstækja til að tryggja samfellu, gagnsæi og stöðugar umbætur í þjónustu við heimilislausar konur

II. FJÖLÞJÓÐLEG FRÆÐSLUNÁMSKEIÐ

Fjölþjóðlegu fræðslunámskeiðin tvö miða að því að greina sameiginlegar áskoranir og styrkleika samstarfslandanna og móta í sameiningu góðar starfsvenjur í samræmi við INTERACT-líkanið. Byggt er á sérþekkingu og reynslu hvers samstarfsaðila, og markmiðið er að þróa sameiginlegar leiðbeiningar og viðmið sem styðja við þjónustu fyrir heimilislausar konur sem eru þolendur kynbundins ofbeldis og glíma við fjölþættar og samtvinnaðar áskoranir.

Sérstök áhersla er lögð á þátttöku fagfólks með ólíkan bakgrunn, reynslu og hlutverk - fólk sem starfar á mismunandi þjónustusviðum og -stigum, staðbundið eða á landsvísu. Markmiðið er að skapa frjótt umhverfi til þekkingarmiðlunar og gagnrýnnar umræðu, þar sem ólík sjónarmið koma fram og stuðla að dýpri skilningi á málaflökki heimilislausra og ekki síst þeim flókna veruleika sem heimilislausar konur búa við.

Hvert land velur þá hagsmunaaðila sem endurspeгла best staðbundið samhengi. Almennt beinist fræðslan að félagsráðgjöfum, starfsfólki félags- og heilbrigðisþjónustu, lögfræðingum, fulltrúum löggæslu, sálfræðingum, geðlæknum, starfsfólki sem vinnur gegn kynbundnu ofbeldi og öðru fagfólki sem starfar með heimilislausum konum sem glíma við fjölþættar og samtvinnaðar áskoranir - auk háskólakennara, fræðimanna og nemenda sem fást við ofangreind málefni.

2.1. FYRRA NÁMSKEIÐIÐ - TVEIR RÝNIHÓPAR SKIPTAST Á REYNSLU AF NÁMSFERLINU

Fyrri fjölþjóðlega námskeiðið, sem samanstendur af tveimur hlutum, miðar að því að skapa rými fyrir þátttakendur til að skiptast á reynslu, greina líkt og ólíkt milli samstarfslanda, bera kennsl á gloppur og móta í sameiningu góðar starfsvenjur. Í báðum hlutum taka þátt fulltrúar allra samstarfslanda.

1. hluti

Meginmarkmið fyrsta hluta er að gefa þátttakendum tækifæri til að deila reynslu sinni af öllu ferlinu í verkhluta 2– frá skilgreiningu gloppna og þjálfunarþarfa í gegnum rýnihópavinnu til skipulagningar og framkvæmdar landsbundnu INTERACT-fræðslunnar. Þátttakendur eru hvattir til að velta fyrir sér hvort og þá hvernig fræðslan og þjálfunin í verkhluta 2 hefur haft áhrif á viðhorf, vinnubrögð og nálgun þjónustunnar við innleiðingu kynjamiðaðra aðferða.

2. hluti

Í öðrum hluta námskeiðsins eru þátttakendur beðnir um að nýta samanburð og reynslu sína til að bera kennsl á bestu starfsvenjur sem eru aðlögunarhæfar og geta nýst á fjölþjóðlegum vettvangi.

2.2. SEINNA NÁMSKEIÐIÐ – AÐ BYGGJA UPP FJÖLÞJÓÐLEGT TENGLANET: RÝMI TIL AÐ ÞRÓA SAMEIGINLEGAR LEIÐBEININGAR

Seinna fjölþjóðlega námskeiðið miðar að því að styrkja tengslanet þjónustuaðila samstarfslandanna og skapa vettvang til að þróa sameiginlegar leiðbeiningar um nálganir, starfshætti og

verklagsreglur í þjónustu við heimilislausar konur, einkum þær sem standa frammi fyrir fjölþættum og samtvinnuðum áskorunum.

Þátttakendur eru hvattir til að byggja á niðurstöðum fyrra námskeiðsins og móta leiðbeiningar sem geta haft raunveruleg áhrif á þróun þjónustu og samstarf milli landa, með aðstoð sérfræðinga sem leiða vinnuna.

Fjölþjóðlegu námskeiðin styðja sérstaklega við staðlana IS4 og IS5 þar sem þau leggja áherslu á þátttöku, samráð, sameiginlega lærdómsferla og þróun samræmdra mælikvarða á árangur þjónustu. Þau efla þverfaglegt og þverþjóðlegt samstarf sem er forsenda samræmdra og samanburðarhæfra aðgerðir í málaflokki heimilislausra kvenna með flóknar þjónustuparfir innan Evrópu.

III. LEIÐBEININGAR UM UPPBYGGINGU OG AÐFERÐAÐFRÆÐI ÞJÁLFUNAR

Eftirfarandi leiðbeiningar eru hannaðar til að veita samstarfsaðilum nákvæman leiðarvísi um uppbyggingu og framkvæmd INTERACT-námskeiðanna — hvenær, hvað, hver, hvar og hvernig. Þær fela jafnframt í sér ráðgjöf og tillögur um aðferðafræði, skipulag og mat á fræðslunni.

Leiðbeiningarnar miða að því að styðja samstarfsaðila við að virkja sem flesta sérfræðinga úr ólíkum úrræðum og þjónustu sem veita heimilislausum konum með fjölbættan vanda stuðning, þar á meðal konum sem eru þolendur kynbundins ofbeldis, nota vímuefni og/eða glíma við geðheilbrigðisvanda.

Meginmarkmiðið er að byggja upp sameiginlegan skilning á þeim flóknu og samtvinnuðu áskorunum sem þessar konur standa frammi fyrir og að stuðla að samræmdri sýn og tungutaki fagfólks og þjónustuaðila sem starfa á þessu sviði.

Þannig er tryggt að framkvæmd þjálfunarinnar endurspegli markmið og gildi INTERACT-líkansins og styðji við samhæfða, kynjamiðaða og áfallamiðaða þjónustu.

3.1. ÞJÁLFUN

HVENÆR?

Landsbundnu námskeiðin skiptast niður í 4 lotur sem eru 4 klukkustundir hver. Hver samstarfsaðili býður upp á nokkur námskeið í samræmi við þarfir og sérstöðu í þeirra landi. Námskeiðshaldi ætti að ljúka fyrir desembermánuð 2025.

Fjölbjóðlegu námskeiðin tvö eru áætluð sem hér segir:

Fyrri námskeiðið:

- 13. nóvember kl. 10:00 til 13:00 (fyrsta lota)
- 20. nóvember kl. 11:00 til 13:00 (önnur lota)

Seinna námskeiðið:

- 27. nóvember kl. 10:00 til 13:00

3.2. ÞÁTTTAKENDUR OG FYRIRLESARAR/LEIÐBEINENDUR

HVER?

ÞÁTTTAKENDUR

Að lágmarki 50 þátttakendur skulu taka þátt frá hverju samstarfslandi, að undanskildu Íslandi þar sem lágmarksfjöldi er 30. Sérstök áhersla er lögð á að tryggja þátttöku fagfólks frá mismunandi þjónustusviðum og með fjölbreyttan bakgrunn — bæði staðbundið og á landsvísi, í þéttbýli og dreifbýli. Markmiðið er að skapa frjóar aðstæður til þekkingarmiðlunar og umræðu þar sem ólík sjónarmið og reynsla koma saman. Hvert land ber ábyrgð á að velja þá hagsmunaaðila sem endurspeglar best staðbundið samhengi og starfsaðstæður. Almennast beinist þjálfunin að félagsráðgjöfum, starfsfólki félags- og heilbrigðisþjónustu, lögfræðingum, fulltrúum löggæslu,

sálfræðingum, geðlæknum og þeim sem starfa að úrræðum gegn kynbundnu ofbeldi, auk annars fagfólks sem vinnur að málaflokki heimilislausra og þá sérstaklega með heimilislausum konum.

Ennfremur skal leggja sérstaka áherslu á að fá fyrirlesara sem hafa sérþekkingu á samtvinnun mismunabreyta eða beita aðferðum inngildingar í starfi sínu. Þátttaka þeirra tryggir að þjálfunin gangist við og taki á skarandi og samtengdum félagslegum sjálfsmyndum og kerfisbundnum hindrunum og fordómum sem hafa áhrif á heimilislausar konur.

Með því að stuðla að samræðu milli hagsmunaaðila frá mismunandi geirum og landsvæðum munu námskeiðin stuðla að samþættari og árangursríkari viðbrögðum við þeim áskorunum sem INTERACT-verkefnið tekst á við.

FYRIRLESARAR - LEIÐBEINENDUR

Mælt er með þátttöku fagfólks með sérþekkingu á eftirfarandi málefnum: kynbundnu ofbeldi, kynjamiðaðri nálgun, heimilisleysi, skaðaminnkun, samtvinnun mismunabreyta, geðheilbrigði, vímuefnanotkun og áfallamiðaðri þjónustu. Þetta geta verið háskólakennarar, doktorsnemar, sálfræðingar, geðlæknar, lögfræðingar, félagsráðgjafar, kennarar og aðrir sérfræðingar með bæði fræðilega þekkingu og hagnýta reynslu á þessum sviðum.

3.3. FRÆÐSLUUMHVERFIÐ

HVAR?

Fræðsluumhverfi skal að vera í samræmi við viðmið algildrar hönnunar um jafna stöðu og tækifæri, aðgengilegt og inngildandi, þægilegt og öruggt með tilliti til rýmis, tímasetningu, tungumál, samskipti og starfshætti.

Að skapa aðgengilegt og inngildandi umhverfi felur í sér að fjarlægja líkamlegar hindranir, tryggja skýrar og aðgengilegar leiðir og setja upp rampa, lyftur og stoðtæki. Það þýðir einnig að huga að þörfum fyrir örvun skynfæra með því að veita fullnægjandi lýsingu, lágmarka truflandi þætti og bjóða upp á aðrar samskiptaleiðir eins og myndatexta og táknmálstúlkun.

Að skapa aðgengilegt og inngildandi umhverfi fyrir fræðslu og þjálfun felur í sér að skapa aðstæður þar sem þátttakendur finna fyrir líkamlegu og andlegu öryggi sem gerir þeim kleift að læra á áhrifaríkan hátt, án ótta við skaða eða fordóma. Þetta felur m.a. í sér að setja raunhæfar væntingar, bjóða upp á fullnægjandi kennslutæki, skilgreina mörk og samskiptareglur, stuðla að inngildandi tungutaki og jákvæðu andrúmslofti sem einkennist af virðingu.

3.4. FRÆÐSLUAÐFERÐIR

HVERNIG?

INTERACT-námskeiðin verða sniðin að aðstæðum hvers lands. Markmiðið er að skapa sameiginlegan skilning á sjónarmiðum, framtíðarsýn og markmiðum meðal fagaðila sem koma að þjónustu og stuðningi við heimilislausar konur. Í fræðslunni á að leggja áherslu á að dýpka þekkingu á kynjamiðaðri, þverfaglegri og áfallamiðaðri nálgun og hvernig slík nálgun getur endurspeglast í starfsháttum, þjónustu og úrræðum. Þá er lögð áhersla á að styrkja samvinnu og samhæfingu milli þjónustuaðila til að stuðla að samþætti og skilvirkri þjónustu.

Til að ná þessum markmiðum er notast við fræðslu- og matsaðferðir sem byggja á virkri þátttöku, reynslumiðuðu námi og þverfaglegu samstarfi. Þannig er tryggt að framkvæmd fræðslunnar endurspegli markmið og gildi INTERACT-líkansins.

AÐFERÐAFRÆÐI

Fræðslan skal byggja á þverfaglegri og þátttökumiðaðri nálgun sem stuðlar að samstarfi milli mismunandi þjónustusviða og fagstétta. Áhersla skal lögð á að skapa vettvang fyrir umræðu frá ólíkum sjónarhornum og þróun sameiginlegra lausna. Slík nálgun stuðlar að gagnkvæmum skilningi, hjálpar til við að greina gloppur og styrkir samræmd og samþætt viðbrögð.

Fræðslan er sett í staðbundið samhengi, þá þekkingu sem þegar er til staðar, sérþarfir og skipulag þjónustukerfa í hverju landi. Aðlögun er nauðsynleg til að tryggja að efni þjálfunarinnar sé viðeigandi, framkvæmanlegt og gagnlegt í daglegu starfi. Með því er stuðlað að árangursríkri samvinnu milli þjónustuaðila og aukinni getu til að bregðast við fjölbreyttum og flóknum þörfum INTERACT-markhópsins.

Bjóða skal upp á fræðslu án endurgjalds fyrir sem fjölbreytilegastan hóp úr markhópi fræðslunnar. Mælt er með að forgangsraða staðbundinni fræðslu í nærsamfélagi þátttakenda ef það er möguleiki.

Netnámskeið geta nýst til að ná til breiðari hóps þátttakenda með fjölbreyttan bakgrunn og búsetu. Við slíka framkvæmd á að aðlagða aðferðafræðina og tímasetningar að þörfum þátttakenda og nýta gagnvirkar lausnir sem stuðla að virkri þátttöku, samræðum og reynslumiðlun.

Aðferðafræðin á ávallt að endurspegla meginreglur INTERACT-líkansins, þar sem áhersla er lögð á kynja-, áfalla- og margþætta nálgun, samvinnu, valdeflingu og gagnkvæma virðingu í öllu námi og starfi.

NÁMSMATSADFERÐIR

GAGNVIRK VERKFÆRI

Notkun myndefnis, hljóð- og myndræns efnis getur gert flóknar upplýsingar aðgengilegri, aukið þátttöku og auðveldað samskipti meðal þátttakenda. Slík gagnvirk verkfæri hjálpa til við að dýpka skilning, hvetja til umræðu og styðja við reynslumiðað nám.

HAGNÝT VERKEFNI

Með því að láta þátttakendur fást við raunhæf og hagnýt verkefni má meta námsferlið með skilvirkari hætti. Slík verkefni gera þátttakendum kleift að tengja saman fræðilega þekkingu og hagnýta beitingu hennar, kynnast reynslu heimilislausra kvenna og efla samkennd. Samstarfsaðilar geta fundið dæmi um hagnýt verkefni í viðauka við þetta skjal.

3.5. NÁMSMAT

Námsmatið er órjúfanlegur hluti af gæðastjórnun INTERACT-verkefnisins og þjónar bæði sem verkfæri til umbóta og sem leið til að tryggja samfellu í þróun þekkingar og starfshátta. Markmiðið

er að meta framvindu og árangur þjálfunarinnar, öðlast innsýn í upplifun þátttakenda og styðja við stöðugar umbætur á námskeiðum sem verða haldin í framtíðinni.

Til að tryggja samræmi í framkvæmd hafa þýsku samstarfsaðilarnir, sem bera ábyrgð á gæðamati verkefnisins, útbúið staðlaða spurningakönnun sem lögð verður fyrir að loknu hverju námskeiði.

Auk þess, til að sameina megindlegar og eigindlegar matsaðferðir og líta á þjálfunina sem ferli þar sem þekking og færni þróast stig af stigi og hefur smám saman áhrif á störf þátttakenda innan samstarfsnetsins, er mælt með því – þegar unnt er – að samþætta eftirfarandi valfrjálsar eigindlegar matsaðferðir:

- **Stuttar matsumræður í lok hverrar lotu.**
Leiðbeinendur geta notað matsaðferðirnar sem kynntar eru í kafla D.4.2 í þjálfunarefninu til að meta hvort lykilmarkmiðum hverrar lotu hafi verið náð.
- **Stutt matslota í lok námskeiðsins.**
Leiðbeinendur geta nýtt rýnihópaviðtöl til að meta hvort heildarmarkmið námskeiðsins hafi náðst og til að greina hvaða atriði mætti efla eða þróa áfram.
- **Eftirfylgni með rýnihópum sex mánuðum eftir námskeiðslok.**
Mælt er með að rýnihópar hittist á sex mánaða fresti eftir að námskeiðinu lýkur til að fylgjast með áhrifum þjálfunarinnar á innleiðingu INTERACT-líkansins. Þannig er hægt að skoða hvernig þátttakendur hafa nýtt þá þekkingu og færni sem þeir öðluðust í starfi og skapa vettvang til að ræða áskoranir og hindranir sem komið hafa upp við innleiðingu nýrrar nálgunar. Slíkt eftirfylgniferli gerir skipuleggjendum jafnframt kleift að fá endurgjöf sem nýtist til að betrumbæta framtíðarþjálfun og mæta betur óuppfylltum þörfum.

Samsetning þessara verkfæra og aðferða gerir samstarfsaðilum kleift að meta námsferlið reglulega og, í víðara samhengi, áhrif þjálfunarinnar á starfshætti og þjónustu á viðkomandi sviði. Þetta er sérstaklega mikilvægt þar sem fræðslunámskeiðin tengjast beint innleiðingu INTERACT-líkansins og árangur þeirra hefur bein áhrif á gæði, samfellu og samþættingu þjónustu innan samstarfsnetsins.

Aðferðafræði fræðslunnar endurspeglar gildi og viðmið INTERACT-líkansins. Hún styður við IS1–IS3 með því að leggja áherslu á kynjamiðaða, áfallamiðaða og samþætta þjónustu. Með því að beita þátttökumiðuðum aðferðum og eftirfylgni með mati og samræðu er jafnframt unnið að IS4 og IS5 sem miða að stöðugri umbótamenningu og notendamiðaðri þróun þjónustu.

VIÐAUKI I - UM BAKGRUNN OG ÞRÓUN FRÆÐSLU- OG ÞJÁLFUNAREFNIS

Ítalska teymið þróaði samræmda námskrá og fræðslu- og þjálfunaráætlun fyrir alla samstarfsaðila INTERACT-verkefnisins. Undirbúningur fór fram með eftirfarandi hætti:

- Leiðbeiningar voru þróaðar til að styðja samstarfsaðila við skipulagningu og framkvæmd tveggja rýnihópa, með þátttöku hagsmunaaðila sem koma með einum eða öðrum hætti að þjónustu við heimilislausar konur. Markmið rýnihópanna var að varpa ljósi á styrkleika og veikleika í starfi þeirra og safna upplýsingum um fræðslu- og þjálfunarþarfir þátttakenda. Allir samstarfsaðila skiluðu skýrslu um reynslu sína af rýnihópastarfinu og helstu niðurstöður.
- Tvær *Intervision*¹, vinnustofur voru skipulagðar með samstarfsaðilum. Í þeirri fyrri miðluðu þátttakendur reynslu sinni og ræddu um þær gloppur og þarfir sem greindar höfðu verið í rýnihópunum. Í seinni vinnustofunni kynnti ítalska teymið námskrá sem byggði á greiningu gagnanna.
- Sameiginleg markmið með INTERACT-fræðslunni voru skilgreind út frá niðurstöðunum. Þau eru:
 - Að veita fræðslu og þjálfun um inngildingu, kynja- og áfallamiðaða nálgun og skaðaminnkun í þjónustu við heimilislausar konur og hvernig hægt er að aðlagja hana að ólíkum tegundum þjónustu.
 - Að auka þekkingu á alþjóðlegum samningum og innlendum lögum og stefnum í málaflokki heimilislausra, sem og á verndaraðgerðum tengdum baráttu gegn kynbundnu ofbeldi.
 - Að auka þekkingu og skilning á því hvernig þjónustu á þessu sviði er hagað og styrkja samstarf og samræmingu milli þjónustuveitenda.
 - Að leggja fagfólki til verkfæri og færni til að skapa öruggara rými fyrir bæði þjónustuþega og starfsfólk.
 - Að byggja upp sameiginlegan skilning á tungumálinu sem kraftmiklu og síbreytilegu verkfæri sem krefst stöðugrar íhugunar.
 - Að auka þekkingu á mikilvægi líkamlegs og tilfinningalegs öryggis þjónustuþega og starfsfólks og þróun frá hefðbundnum öryggisráðstöfunum yfir í áfallamiðaða öryggismenningu.

Til að ná framangreindum markmiðum hafa ítölsku samstarfsaðilarnir þróað:

- NÁMSKRÁ sem samræmir uppbyggingu, umfjöllunarefni og leiðbeiningar fyrir námskeið sem samstarfsaðilar munu halda hver í sínu landi, sem og fjölþjóðleg netnámskeið sem ábyrgðaraðilar verkhluta 2 hafa umsjón með.

¹ Eftir því sem næst verður komist hefur hugtakið *intervision* hvorki fest rætur í íslensku máli né verið þýtt. Það vísar til samvinnuferlis þar sem jafningjar eða samstarfsfélagar hittast til að ræða, endurspegla og veita hver öðrum endurgjöf. Markmiðið er að deila þekkingu, reynslu og innsýn til að efla faglega hæfni, lausnamiðaða hugsun og sjálfskoðun. Ferlið stuðlar að námi, uppbyggilegri umræðu og gagnkvæmum stuðningi þar sem þátttakendur styðja hver annan í átt að persónulegum og faglegum þroska. Jafningjagagnrýni – í merkingunni „að rýna til gagns með jafningjum“ – er hugmynd að þýðingu sem virðist endurspegla inntak þess vel.

- STUÐNINGSEFNI eins og leiðbeiningar, verkfæri og aðferðir til að skipuleggja og halda samræmd námskeið í verkhluta 2.

Efnið er sett fram í þremur köflum sem hannaðir voru til að skilgreina og fjalla um helstu markmið námskrárinnar, styðja samstarfsaðila við uppbyggingu, framkvæmd og mat á námskeiðunum, sem og til að auðvelda samskipti og efla námsferlið. Í þeim er fjallað um:

- Fræðslu- og þjálfunaráætlun, þar sem fram koma heiti og meginviðfangsefni innlendrar og þverþjóðlegrar fræðslu. Gert er ráð fyrir að fræðslan fari fram á tímabilinu september til nóvember 2025, að báðum mánuðum meðtöldum.
- Helstu viðfangsefni, með ítarlegum útskýringum á helstu efnisatriðum og lykilmarkmiðum hverrar lotu.
- Leiðbeiningar um aðferðafræði, verkfæri og fræðsluaðferðir, auk hagnýtra fyrirmæla um skipulagningu þjálfunarinnar (hvenær, hver, hvar, hvernig). Þar eru einnig ráðleggingar og tillögur um verkfæri, matsaðferðir og hagnýt verkefni sem samstarfsaðilar geta nýtt við uppbyggingu og framkvæmd námskeiða.
- Viðauka með dæmum um hagnýt verkefni sem nýtast í fræðslunni og við þjálfun, ásamt heimildaskrá og lista yfir gagnlegar vefslóðir sem tengjast meginefni námskeiðanna og veita dýpri innsýn í einstök umfjöllunarefni.
- Glærur fyrir hverja lotu, sem miða að því að styðja við fræðsluna, bæta leiðsögn og tryggja framvindu og árangur í námi.

VIÐAUKI 2 - UM TUNGUTAK OG HUGTAKANOTKUN Í ÍSLENSKU SAMHENGÍ

Innan INTERACT-líkansins er mótun sameiginlegrar hugtakanotkunar og tungutaks talin grundvallaratriði í því að greina og bregðast við þörfum heimilislausra kvenna. Tungumálið mótar hvernig fólk er séð, skilgreint og hvernig komið er fram við það. Það hefur áhrif á þjónustuframboð, stefnumótun og almenna umræðu. Orð bera félagslegan, lagalegan og sálfræðilegan þunga; þau geta valdeflt eða stimplað, staðfest eða þurrkað út. Af þessum sökum leggur líkanið áherslu á vandaða, ígrundaða og inngildandi hugtakanotkun sem virðir sjálfsákvörðunarrétt og rétt fólks til að skilgreina eigin reynslu.

Tungumál er þó ekki stöðugt eða alhliða. Merking lykilhugtaka breytist milli menningarheima, fræðasviða og stefnumótunarsvæða og þróast með tímanum. Dæmi um það eru:

KYNBUNDIÐ OFBELDI

Á sviði kynbundins ofbeldis kjósa sumar konur að skilgreina sig sem „lífandi af“ (e. *survivors*) til að leggja áherslu á seiglu, á meðan aðrar kjósa hugtakið „fórnarlamb“ (e. *victim*) til að undirstrika skaðann og valdamissinn sem þær hafa upplifað. Samsett hugtök á borð við *victim-survivor* hafa orðið algengari í ensku máli sem inngildandi lýsing á flóknari sjálfsmyndum en þau þýðast ekki alltaf vel, til dæmis á íslensku. Á íslensku er „þolandi“ algengast og nær merkingu „victim“ en „survivor“. Í réttarvörslukerfinu er hugtakið „brotapoli“ notað. Hlutlausara orðalag er „konur sem hafa orðið fyrir kynbundnu ofbeldi“, „konur sem hafa verið beittar kynbundnu ofbeldi“, eða „konur sem lifa með reynslu af kynbundnu ofbeldi“. Slíkt orðalag er bæði mannréttindamiðað og virðir fjölbreytileika sjálfsmynda.

KYNLÍF GEGN ENDURGJALDI

Hugtök á borð við „vændi“ (e. *prostitution*), „kynlífsvinna“ (e. *sex work*), „kynlíf gegn endurgjaldi“ (e. *sex for compensation*), „viðskiptakynlíf“ (e. *transactional sex*) og „nauðarvændi/kynlíf“ (e. *survival sex*) hafa mismunandi merkingu eftir samhengi — allt frá siðferðilegri fordæmingu til viðurkenningar á vinnuréttindum.

Hugtakið „kynlífsvinna“ hefur náð mikilli útbreiðslu og er almennt notað innan skaðaminnkunarhreyfingarinnar en margar konur sem stunda nauðarvændi/kynlíf (t.d. í skiptum fyrir mat, húsaskjól, öryggi eða vímuefni) upplifa ekki að það hugtak endurspegli þeirra raunveruleika. Á síðustu árum hefur því hugtakið nauðarvændi eða nauðarkynlíf verið endurvakið og þá ekki síst í tengslum við konur sem eru jaðarsettar eins og konur í mikilli áhættunotkun vímuefna og heimilislausar konur. Hugtakanotkun sem gefur til kynna valfrelsi eða fagmennsku, eins og „kynlífsvinna“ hefur verið gagnrýnd fyrir að horfa fram hjá félagslegum þáttum og jaðarsetningu og hún getur því verið útilokandi fyrir jaðarsettar konur og LGBTQIA+ fólk sem býr við fátækt, heimilisleysi, vímuefnaneyslu eða geðheilbrigðisvanda.

Á Íslandi var svokölluð sænsk um kaup á vændi leidd í lög árið 2009 en grundvöllur þeirra er sú skilgreining að á kaup á aðgangi að líkama fólks sé ofbeldisverknaður. Vændiskaupandinn er skilgreindur sem brotamaður en sala á vændi er lögleg. Hugtakið „vændi“ er það hugtak sem notað er í íslenskum lögum yfir sölu á kynlífi. Konur sem hafa yfirgefið kynlífsiðnaðinn skilgreina sig líka gjarna sem „þolendur vændis“.

Á Bretlandi hefur hugtakið ‚vændi‘ einnig verið notað í stjórnsýslu en þar hefur komið fram tillaga um að hætta að nota það og nota í staðinn flokkun Natösku Mulvihill sem leggur til að í stað hugtaksins verði í opinberum gögnum notuð fjögur hugtök: frumkvöðlakynlíf, (e. *sex entrepreneurship*), kynlífvinna (e. *sex work*), nauðarkynlíf (e. *survival sex*) og kynferðislegt mansal (e. *sexual exploitation*).

VÍMUEFNANOTKUN

Hugtakanotkun þegar kemur að málefnum fólks sem notar vímuefni (e. *people who use drugs/substances, PWUD/S*) liggur síður en svo beint við og er leitun að málaflokki þar sem hugtakanotkun er jafn breytileg, umdeild og pólitísk.

Vaxandi fjöldi rannsókna og greininga á sviði stefnumótunar fjallar um þessa spennu: á milli læknisfræðilegrar orðræðu sem sjúkdómsvæðir vímuefnanotkun, mannréttindasjónarmiða skaðaminnkunarhreyfingarinnar, sem leggur áherslu á heilsu og reisu, félagslegrar nálgunar sem beinir sjónum að ójöfnuði, stimulun og kerfisbundinni jaðarsetningu og svo umræðu sem bætir við kynjasjónarmiðum.

Núverandi umræður undirstrika nauðsyn þess að skoða hvernig tungumálið ekki bara endurspeglar heldur einnig mótar valdakerfi – þar sem það hefur áhrif á opinbera stefnu, faglega starfshætti og lífsreynslu fólks. Fagfólk og stefnumótendur sem eru meðvitaðir um hina fjölbreyttu flokkun og mismunandi orðræðuhefð á auðveldara með að taka meðvitaðar og stefnumiðaðar ákvarðanir.

Samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum Alheimsráðs um stefnu í vímuefnamálum (e. Global Commission on Drug Policy, 2017) er mælt með ‚fólkið í forgrunni‘ nálgun, þar sem miðað er við orðalag eins og ‚fólk sem notar vímuefni‘ (e. *people who use drugs*) eða ‚fólk með vímuefnavanda‘ (e. *people with problematic substance use*), en forðast stimplandi hugtök á borð við ‚fíkill‘, ‚dópasti‘, að vera ‚hrein‘ og ‚alkóhólisti‘.

HEIMILISLEYSI

Á sama hátt er hugtakið ‚manneskja sem upplifir heimilisleysi‘ talið mannúðlegra en ‚heimilislaus manneskja‘, þar sem það viðheldur reisu og viðurkenningu að einstaklingurinn sé meira en félagsleg staða hans. Þetta hefur þó ekki náð neinni fótfestu á Íslandi.

Með þessari áherslu á tungumál og hugtakanotkun leitast INTERACT-verkefnið einnig við að hafa áhrif á hvernig fagfólk og þjónustukerfi virka. Markmiðið er að byggja upp sameiginlegan skilning milli fagsviða, efla tengsl og samráð og þróa verkfæri og sameiginlegt orðalag sem styrkir þjónustu og stuðning við heimilislausar konur. Með því verður til sameiginlegur grundvöllur sem auðveldar samstarf, gagnkvæma virðingu og samræmda nálgun í þjónustu.

INTERACT-líkanið leggur til að notuð séu hugtök sem byggja á rannsóknum, mannréttindamiðaðri nálgun og inngildingu. Jafnframt er viðurkennt að hugtakanotkun þarf að aðlagast að menningarlegu, pólitísku og lagalegu samhengi hvers samstarfslands og að hún þróist áfram í samræðu við þjónustuþega og fagfólks í framlínu.

TILLÖGUR AÐ LESEFNI

LESEFNI TENGT HEIMILISLEYSI Á ÍSLANDI

Ásdís Rán Kristjánsdóttir. 2025. „Við erum að draga úr samfélagslegri ógn með því að tryggja mannréttindi fólks“: Reynsla starfsfólks Reykjavíkurborgar af árangursþáttum opinberra smáhúsaverkefna fyrir heimilislaust fólk með miklar og flóknar þjónustuparfir. MA-ritgerð í verkefnastjórnun.

ETHOS – Evrópsk flokkun á heimilisleysi og húsnæðisleysi.

Heilbrigðisráðuneyti. 2025. Áfengis- og vímuefna meðferðarkerfið. Stöðumat 2024.

Heilbrigðisráðuneyti. 2024. Lokaskýrsla starfshóps um stefnu og aðgerðir í skaðaminnkun.

Kolbrún Kolbeinsdóttir. 2023. „Eini staðurinn í samfélaginu þar sem ekki er horft niður á þig“: Reynsla kvenna af Konukoti. MA-ritgerð í kynjafræði.

Kópavogsbær. 2024. Minnisblað. Svar við fyrirspurn bæjarfulltrúa Pírata um stöðu mála er varðar þjónustu við heimilislausa einstaklinga með flóknar og umfangsmiklar stuðningsparfir.

Kristín I. Pálsdóttir. 2023. Fíknistefna og mannréttindi kvenna.

Lovísa María Emilsdóttir. 2017. Konukot. Næturathvarf fyrir heimilislausar konur. Lokaritgerð á meistarastigi í félagsráðgjöf. Háskóli Íslands, Reykjavík. Sjá:

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð Reykjavíkurborgar. 2025. Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2025-2028.

Reykjavíkurborg. 2019. Stefna í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir 2019–2025.

Reykjavíkurborg. 2025. Aðgerðaáætlun með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir.

Róttin. 2021. Greinargerð um heimilislausar konur. Um heimilisleysi kvenna og ofbeldi. Höf. Kristín I. Pálsdóttir.

Róttin. 2022. Handbók um samþættingu kynjasjónarmiða í fíknistefnu.

Róttin. 2024. Athugasemdir Mannréttindaráðs Sp við fíknistefnu á Íslandi.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. 2023. Samstarfsverkefni í málefnum heimilislausra.

Sigfríður Ólafsdóttir. 2023. „Við vitum að þörfin er til staðar“. Þarfagreining á kvennaathvarfi fyrir konur með alvarlegan vímuefnavanda. MA-ritgerð í félagsráðgjöf.

Sveina Hjördís Þorvaldsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir. 2023. Í leit að samþykki: Vændi í ljósi kynferðisofbeldis og druslustimplunar.

Umboðsmaður Alþingis. 2023. Konur í fangelsi. Athugun á aðbúnaði og aðstæðum kvenna í afplánun. Þemaskýrsla.

LESEFNI EFTIR FRÆDSLULOTUM

1. LOTA – KYNJAMÍÐUÐ NÁLGUN OG INNGILDING

Bretherton, J. (2017). Reconsidering Gender in Homelessness. European Journal of Homelessness, 11(1), 1–21.

- Bretherton, J. (2018). Women's Homelessness in Europe: Recognition and Response. Canadian Alliance to End Homelessness Conference.
- Bretherton, J., & Mayock, P. (Eds.). (2016). Women's Homelessness in Europe. Palgrave Macmillan.
- Broberg, M., & Sano, H. O. (2017). Strengths and weaknesses in a human rights-based approach to international development. *The International Journal of Human Rights*, 22(5), 664–680.
- Bullock, H. E., Reppond, H. A., Truong, S. V., & Singh, M. R. (2020). An intersectional analysis of the feminization of homelessness and mothers' housing precarity. *Journal of Social Issues*, 76(4), 835–858.
- Bustelo, M. (2016). Evaluation from a Gender+ Perspective as a Key Element for (Re)gendering the Policymaking Process. *Journal of Women, Politics & Policy*, 38(1), 84–101.
- Engender. (2020). A Woman's Place: Gender, Housing and Homelessness in Scotland.
- European Commission. (2020). Gendered Innovations 2: How inclusive analysis contributes to research and innovation. Luxembourg: Publications Office of the European Union.
- European Institute for Gender Equality (EIGE). (2023). Understanding intimate partner violence in the European Union.
- FEANTSA. (2016). Women and Homelessness.
- FEANTSA. (2021). A Gender Lens: Seeing the Needs and Realities of Women Who Experience Homelessness.
- OHCHR. (2016, 2021). The Right to Adequate Housing. United Nations Human Rights Office.

2. LOTA – SKAÐAMINN KUN OG HÚSNÆÐI FYRST

- Arpa, S. (2017). Women Who Use Drugs: Issues, Needs, Responses, Challenges and Implications for Policy and Practice. EMCDDA.
- Council of Europe (Mutatayi et al.). (2022). Implementing a Gender Approach in Drug Policies. Strasbourg: CoE Publishing.
- Darragh, L., Shaw, G., Jefferies, L., et al. (2024). Gender-Transformative Harm Reduction Services. Amsterdam: Correlation-European Harm Reduction Network.
- EMCDDA. (2023). Women and Drugs: Health and Social Responses (Miniguide). Publications Office of the EU.
- FEANTSA. (2024). Bridging Health and Homelessness: EU Public Health Initiatives as Drivers of Change.
- Gaboardi, M., Lenzi, M., Disperati, F., et al. (2019). Goals and Principles of Providers Working with People Experiencing Homelessness. *International Journal of Environmental Research and Public Health*, 16(9), 1590.
- Housing First Europe Hub. (2022). An Introduction to Housing First & Women.
- Hovey, A., & Scott, S. (2019). All Women Are Welcome: Reducing Barriers to Women's Shelters With Harm Reduction. *Partner Abuse*, 10(4), 409–428.
- HRI & WHRIN. (2019). *10 by 20 Campaign: Women, Harm Reduction and Human Rights*.
- HRI. (2013). *Violence against women who use drugs and access to domestic violence shelters: Briefing paper*. Women and Harm Reduction International Network (WHRIN). <https://www.hri.global/>
- HRI. (2024). *Global State of Harm Reduction 2024*.

Morton, S., Hohman, M., & Middleton, A. (2015). Implementing a Harm Reduction Approach to Substance Use in an Intimate Partner Violence Agency. *Partner Abuse*, 6(3), 337–350.

OECD. (2025). *Monitoring Framework to Measure Homelessness*. Paris: OECD Publishing.

OHCHR. (2024). *Drug use, harm reduction and the right to health*. United Nations.

WHIRIN. (2020). *Women and Harm Reduction: Principles and Practices*. Women and Harm Reduction International Network.

3. LOTA – ÁFALLAMÍÐUÐ NÁLGUN OG ÖRUGG RÝMI

Adams, E. A., et al. (2024). Lived Experiences of Trauma During Homelessness in Adulthood. *Trauma, Violence & Abuse*.

FEANTSA. (2021). *Guide for Developing Effective Gender-Responsive Support and Solutions for Women Experiencing Homelessness*.

Friðriksdóttir, G. S., Thanasoula, S., Laas, A., Fragkioudaki, M., & Palsdóttir, K. (2021). *Training Manual on Supporting Women Dealing with Co-occurring Victimization of Intimate Partner Violence and Problematic Substance Use*. MARISSA Project.

Herman, Judith. 1992. *Trauma and Recovery*. New York, NY: Basic Books.

Homeless Link. (2024). *Being Trauma-Informed: A Practice Development Framework*.

Hopper, E. K., Bassuk, E. L., & Olivet, J. (2010). Shelter from the Storm: Trauma-Informed Care in Homelessness Services Settings. *The Open Health Services and Policy Journal*, 3(1), 80–100.

Johnstone, L., & Boyle, M. (2018). The Power Threat Meaning Framework: Towards the identification of patterns in emotional distress, unusual experiences and troubled or troubling behaviour, as an alternative to functional psychiatric diagnosis. Leicester, UK: British Psychological Society. <https://explore.bps.org.uk/>

Kahan, D., Lamanna, D., Rajakulendran, T., et al. (2020). Implementing a Trauma-Informed Intervention for Homeless Female Survivors of Gender-Based Violence. *Health & Social Care in the Community*, 28(3), 823–832.

Levenson, J. S., & Willis, G. M. (2018). Implementing Trauma-Informed Care in Correctional Treatment and Supervision. *Journal of Aggression, Maltreatment & Trauma*, 28(4), 481–501.

Pemberton, J. V., & Loeb, T. B. (2020). Impact of Sexual and Interpersonal Violence and Trauma on Women: Trauma-Informed Practice and Feminist Theory. *Journal of Feminist Family Therapy*, 32(1–2), 115–131.

SAMHSA. (2014). *SAMHSA’s Concept of Trauma and Guidance for a Trauma-Informed Approach*. Rockville, MD: Substance Abuse and Mental Health Services Administration.

4. LOTA – ÞVERFAGLEGT TENGLANET OG SAMRÆMD HUGTAKANOTKUN

Bell, K., & Reed, M. (2022). The Tree of Participation: A New Model for Inclusive Decision-Making. *Community Development Journal*, 57(4), 595–614.

Bronfenbrenner, U. (1979). *The Ecology of Human Development*. Harvard University Press.

Cairncross, L. (2022). *Integrating Health and Social Care for People Experiencing Homelessness: A Step-by-Step Resource*. Centre for Homelessness Impact.

EIGE. (2019). *Intersecting Inequalities: Gender Equality Index*. Publications Office of the EU.

- Equitas. (2022). Strategies to Enhance Participation of Marginalized People in Human Rights Education Activities.
- FEANTSA. (2020). Measurement of Homelessness in the Nordic Countries.
- FEANTSA. (2025). Hospital Discharge and Homelessness in Europe.
- Mandler, T., & Perez Gayo, R. (2023). Becoming Peer. Amsterdam: Correlation – European Harm Reduction Network.
- NICE. (2022). Integrated Health and Social Care for People Experiencing Homelessness. National Institute for Health and Care Excellence.
- OECD. (2024). Toolkit to Combat Homelessness. Paris: OECD Publishing.
- OHCHR. (2019). Right of Everyone to the Enjoyment of the Highest Attainable Standard of Physical and Mental Health. United Nations.

KYNLÍF GEGN ENDURGJALDI - HEIMILDIR

- Beyond the Gaze. (2022). Online sex work safety, stigma and regulation post-pandemic. University of Leicester. <https://beyond-the-gaze.com/>
- Beyond the Streets. (2024). *'Survival sex': Understanding and reconnecting*. Beyond the Streets. <https://beyondthestreets.org.uk/wp-content/uploads/2024/09/Survival-Sex-Resource.pdf>
- Brooks-Gordon, B., & Sanders, T. (2023). Sex work and women's housing precarity in austerity Britain. *Journal of Social Policy*, 52(1), 110–128. <https://doi.org/10.1017/S0047279422000058>
- Changing Lives & University of Leeds. (2023). Sex work, exploitation, and harm reduction: A UK policy review. Leeds Social Sciences Institute.
- Changing Lives. (2024). *"It's all I know": Experiences of sex work, survival sex and sexual exploitation in Doncaster*. Changing Lives. https://changinglives.cdn.prismic.io/changinglives/Ztrv4hoQrfVKlyYP_It%27sAllIKnow-AmberReport.pdf
- Chisolm-Straker, M., Sze, J., Einbond, J., White, J., & Stoklosa, H. (2019). Screening for human trafficking among homeless young adults. *Children and Youth Services Review*, 98, 72–79. <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0190740918307540>
- European Network for the Work with Perpetrators of Domestic Violence. (2024). Transactional Sex, Gender-Based Violence and Housing Exclusion: An Intersectional Perspective. Berlin: ENP.
- European Parliament. (2023). Report on the regulation of prostitution in the EU: its cross-border implications. Committee on Women's Rights and Gender Equality. https://www.europarl.europa.eu/doceo/document/A-9-2023-0240_EN.html
- FEANTSA & Housing First Europe Hub. (2023). Women, Homelessness and Housing First: European Case Studies. Brussels: FEANTSA.
- Fogel, K. F., Martin, L., Nelson, B., Thomas, M., & Porta, C. M. (2016). "We're automatically sex in men's eyes, we're nothing but sex ...": Homeless young adult perceptions of sexual exploitation. *Journal of Child & Adolescent Trauma*. <https://doi.org/10.1007/s40653-016-0094-z>

- Leigh, C., & Skilbrei, M.-L. (2023). Survival sex, migration and marginalisation in Northern Europe. *European Journal of Women's Studies*, 30(4), 410–428.
<https://doi.org/10.1177/13505068231107425>
- Medina, A., & Sagar, T. (2022). The continuum between sex work and sexual exploitation: Women's voices from Wales. *Criminology & Criminal Justice*, 22(6), 1275–1292.
<https://doi.org/10.1177/17488958221075345>
- Mulvihill, N. (2019). Is it time to drop the term 'prostitution' from policy discourse? *Journal of Gender-Based Violence*, 3(3), 385–393. https://research-information.bris.ac.uk/ws/portalfiles/portal/214004442/jgbv_ft_mulvihill_proof_upload_15102019_1571706648501.pdf
- Murphy, L. T. (2016). *Labor and sex trafficking among homeless youth: A ten-city study*. Modern Slavery Research Project, Loyola University New Orleans.
<https://oag.ca.gov/sites/all/files/agweb/pdfs/ht/murphy-labor-sex-trafficking-homeless-youth.pdf>
- Plaza-Hernández, L., Hansen-Rodríguez, G., & Ferrer-Pérez, X. (2023). Gender-based violence among women who use drugs: A quantitative and qualitative study in six EU countries. *Adiktologie*, 23(2), 107–121. <https://doi.org/10.35198/01-2023-001-0004>
- Polaris. (n.d.). *Homelessness as a cause and a consequence of human trafficking*. Polaris Project.
https://www.ohchr.org/sites/default/files/documents/issues/slavery/sr/reporthrc54/submission-slavery-hrc54-cso-polaris_0.pdf
- Preble, K. M. (2025). *Understanding survival sex engagement among sexual and gender minority young adults experiencing homelessness*.
https://www.researchgate.net/publication/388514501_Understanding_Survival_Sex_Engagement_Among_Sexual_and_Gender_Minority_Young_Adults_Experiencing_Homelessness_A_Seven-City_Study_Using_Individual_and_Social_Network_Perspectives
- Street Level Women at Risk. (2022). *Street Level Women at Risk program guide*. City of London.
<https://slwar.ca/wp-content/uploads/2022/10/SLWAR-Program-Guide-FINAL-May-2022.pdf>
- Wagenaar, H., Amesberger, H., & Altink, S. (2024). Evaluating prostitution policy in Europe: Diverging frameworks and their consequences. *Social Policy and Society*, 23(2), 200–218.
- Watson, J. (2018). *Youth homelessness and survival sex: Intimate relationships and gendered subjectivities*. Routledge.
<https://www.taylorfrancis.com/books/mono/10.4324/9781315231198/youth-homelessness-survival-sex-juliet-watson>

HUGTAKALISTAR SEM TENGJAST EFNINU

- European Institute for Gender Equality (EIGE). (2025). *Gender Equality Glossary and Thesaurus*. Publications Office of the European Union. <https://eige.europa.eu/>
- European Parliament. (2023). *Report on the regulation of prostitution in the EU: its cross-border implications*. Committee on Women's Rights and Gender Equality.
https://www.europarl.europa.eu/doceo/document/A-9-2023-0240_EN.html

- European Union Drugs Agency (EUDA, formerly EMCDDA). (2023). Multilingual Drug Glossary. Publications Office of the European Union. <https://www.euda.europa.eu/>
- FEANTSA. (2005/2023). ETHOS – European Typology of Homelessness and Housing Exclusion. Brussels: FEANTSA. <https://www.feantsa.org/>
- FEANTSA & Housing First Europe Hub. (2023). Women, Homelessness and Housing First: European Case Studies. Brussels: FEANTSA.
- Scottish Drugs Forum. (2020). Moving beyond “people-first” language: A glossary of contested terms in substance use. Glasgow: Scottish Drugs Forum. <https://www.drugsandalcohol.ie/33136/>
- Transform Drug Policy Foundation. (2023). Drug policy glossary. Bristol: Transform. <https://transformdrugs.org/drug-policy/glossary>
- Transform Drug Policy Foundation & International Drug Policy Consortium. (2023). Principles for evidence-based and human-rights-based drug policy. London: IDPC.
- UNODC. (2023). Terminology and information on drugs. Vienna: United Nations Office on Drugs and Crime. <https://www.unodc.org/>
- Vital Strategies. (2023). Inclusive language in health: Key terms and best practices. New York: Vital Strategies. <https://www.vitalstrategies.org/inclusive-language-in-health-guide-key-terms-and-best-practices/>

INTERACT

FRÆÐSLA OG ÞJÁLFUN

INTERSECTIONAL APPROACH TO COMBATTING HOMELESSNESS
FOR WOMEN

NÁLGUN ÚT FRÁ SAMTVINNUN MISMUNABREYTA
TIL AÐ TAKAST Á VIÐ HEIMILISLEYSI KVENNA



Uppbygging þekkingar og þjálfun

Markmið verkefnisins er að efla fagfólk og stofnanir til að þróa
kynjamiðaðar, öruggar og inngildandi lausnir fyrir heimilislausar
konur.

Fræðslan byggir á INTERACT-líkaninu og fimm stöðlum
verkefnisins (IS1–IS5).



Uppbygging þekkingar og þjálfun

Markmið verkefnisins er að efla fagfólk og stofnanir til að þróa kynjamiðaðar, öruggar og inngildandi lausnir fyrir heimilislausar konur.

Fræðslan byggir á INTERACT-líkaninu og fimm stöðlum verkefnisins (IS1–IS5).



Fræðilegur grunnur og markmið

- Þjálfunin byggir á áfalla-, kynja- og mannréttindamiðaðri nálgun.
- Lagt er upp með samþættingu jafnréttis, skaðaminnkunar og inngildingar í alla þætti kennslu.
- Markmið: að efla hæfni fagfólks til að greina, bregðast við og styðja heimilislausar konur með virðingu og öryggi.



Sambætt nálgun og aðferðafræði

- Fræðslan byggir á blöndu af fyrirlestrum, samræðum og reynslumiðaðri vinnu
- Lögð er áhersla á virka þátttöku og endurmat á eigin starfsháttum.
- Samtvinna fræðilega þekkingu og reynsluþekkingu þátttakenda.



Fjögur námskeið – þekking og hæfni í verki

1. Áfallamiðuð þjónusta – öryggi, traust og umhyggja.
2. Skaðaminnkun og húsnaði fyrst – mannúð og raunhæfni.
3. Kynjamiðaðar nálganir – greining og útfærsla þjónustu.
4. Samstarf og tengslanet – að byggja brú milli kerfa og samfélags.



Þekking sem breytir – frá fræðslu til umbreytingar

1. Þjálfunin styrkir fagfólk til að byggja þjónustu sem grundvallast á jafnrétti og mannlegri reisn.
2. Markmiðið er að hafa langtímaáhrif á starfshætti, stefnumótun og viðhorf.
3. Með samvinnu og samábyrgð er hægt að stuðla að raunverulegum breytingum fyrir heimilislausar konur í Evrópu



Fræðsla innanlands

1. lota

Stuðningur við heimilislausar konur. Kynjamiðuð nálgun og inngilding.

2. lota

Skaðaminnkun og húsnæði fyrst frá kynjasjónarmiði. Samtvinnun mismunabreyta og stuðningur við heimilislausar konur.

3. lota

Áfallamiðuð nálgun. Hvernig skapa á öruggari rými og starfsumhverfi fyrir bæði heimilislausar konur og fagfólk.

4. lota

Tengslanet milli þjónustuaðila. Tungumáli og aðferðum miðlað til að veita heimilislausum konum skilvirkan stuðning.





Co-funded by the
European Union



Co-funded by the
European Union

INTERACT - Þjálfun – Lota 1

Stuðningur við heimilislausar konur: Kynjamiðuð nálgun og inngilding

INTERACT staðlar: IS1, IS2, IS4

Markmið: Að efla skilning á kynjamiðaðri nálgun, inngildingu og samþættri þjónustu.



Co-funded by the
European Union

Tenging við INTERACT-líkanið

IS1 – Innleiða jafnréttis- og kynjamiðaðar nálganir.

IS2 – Skila samþættri þjónustu fyrir fjölbreyttar hópa kvenna.

IS4 – Virkja þátttöku heimilislausra kvenna í þróun og umbótum.



Lykilhugtök

- Kynjamiðuð nálgun (e. *gender-responsive approach*)
- Samtvinnun mismunabreyta (e. *intersectionality*)
- Inngilding (e. *social inclusion*)
- Kynbundið ofbeldi (GBV)
- Kynhlutverk og valdakerfi



Fræðilegur grunnur

Kynjamiðuð nálgun byggir á því að:

- greina áhrif kyns, ofbeldis og mismununar á heimilisleysi
- samþætta réttinda- og áfallamiðaðar nálganir
- taka mið af samtvinnun félagslegra þátta eins og stéttar, fötlunar og uppruna



Inngilding og réttindamiðuð nálgun

Inngilding felur í sér:

- að tryggja öllum jöfn tækifæri til þátttöku
- að byggja þjónustu á virðingu, reisu og öryggi
- að forðast útilokun og mismunun í stefnum og úrræðum



Kynjagreining í starfi

Kynjagreining (e. *gender analysis*) hjálpar okkur að:

- greina hvernig kyn hefur áhrif á aðgengi, þátttöku og árangur
- tryggja að stefna og úrræði taki mið af þörfum allra kynja
- greina kynblindu og bregðast við henni með kerfisbreytingum



Hugleiðingar og umræðuverkefni

Hvernig birtist kynjablinda í daglegu starfi?

Hvernig mætti efla inngildingu í ykkar stofnun?

Hvaða hindranir mæta konum sem sækja þjónustu?

Hvernig getur INTERACT-líkanið stutt við breytingar?



Samantekt

Lota 1 leggur grunn að kynja- og réttindamiðaðri þjónustu.

Áhersla er á inngildingu, virðingu og virka þátttöku kvenna.

Þetta er fyrsta skrefið í átt að samþættri og manneskjulegri þjónustu.





Co-funded by the
European Union



Co-funded by the
European Union

INTERACT - Þjálfun – Lota 2

Skaðaminnkun og húsnæði fyrst frá kynjasjónarmiði

Markmið: Að efla skilning á skaðaminnkun og húsnæði fyrst sem mannréttindamiðaðri nálgun.



Co-funded by the
European Union

Tenging við INTERACT-líkanið

IS2 – Skila samþættri þjónustu fyrir fjölbreytta hópa kvenna.

IS3 – Þjóða áfallamiðaðan og lágþröskulda stuðning.

IS4 – Virkja þátttöku heimilislausra kvenna í þróun og umbótum.



Lykilhugtök

- Skaðaminnkun (e. *harm reduction*)
- Húsnæði fyrst (e. *housing first*)
- Húsnæði umfram annað úrræði (e. *housing-led*)
- Lágþröskulda þjónusta (e. *low-threshold services*)
- Réttur til húsnæðis (e. *right to housing*)



Fræðilegur grunnur

Skaðaminnkun byggir á réttindum, mannlegri reisn og öryggi.

- Mætir fólki þar sem það er statt, án skilyrða um bindindi.
- Forðast stimplun og refsingar, stuðlar að trausti og þátttöku.
- Húsnæði fyrst: húsnæði sem mannréttindi, ekki umbun.



Kynja- og áfallamiðuð skaðaminnkun

- Konur upplifa oft kynbundið ofbeldi, jaðarsetningu og fordóma.
- Skaðaminnkun þarf að vera kynjamiðuð og örugg.
- Áhersla á samþættingu við áfallamiðaða þjónustu og valdeflingu.
- Notendamiðuð nálgun og virðing fyrir sjálfsákvörðunarrétti.



Húsnæði fyrst og önnur úrræði

- Húsnæði fyrst – varanlegt húsnæði án bindindisskilyrða.
- Húsnæði umfram annað úrræði – sveigjanlegt húsnæði með stuðningi.
- Bráðabirgðahúsnæði og skjólshús fyrir konur.
- Húsnæði með stuðningi og samfélagsleg úrræði.



Réttindamiðuð nálgun og inngilding

- Húsnæði og skaðaminnkun sem mannréttindi.
- Inngildandi þjónusta sem mætir fólki af virðingu.
- Að fjarlægja hindranir, tryggja aðgengi og reisn.
- Samþætting velferðar-, heilbrigðis- og félagsþjónustu.



Æfingar og ígrundun

- Hvaða hindranir mæta konum í þjónustu sem krefst bindindis?
- Hvernig birtist stimplun í orðræðu og verkferlum?
- Hvernig má tryggja öryggi og inngildinguna í húsnæðisúrræðum?
- Hvernig má nýta jafningjareynslu í þjónustu við konur?



Samantekt

Lota 2 styður samþætta og mannúðlega þjónustu sem byggir á skaðaminnkun og réttindum.

Húsnæði fyrst er lykilþáttur í bata, inngildingu og mannlegri reisn.

Áhersla á valdeflingu, traust og virka þátttöku kvenna.



INTERACT þjálfun – Lota 3

Áfallamiðuð nálgun: Öruggari rými og starfshættir

INTERACT staðlar: IS1, IS2, IS3, IS4

Markmið: Að efla skilning á áfallamiðaðri nálgun og hvernig hægt er að skapa öruggt, valdeflandi og heilbrigt vinnumhverfi fyrir bæði heimilislausar konur og fagfólk.



Tenging við INTERACT-líkanið

IS1 – Innleiða jafnréttis- og kynjamiðaðar nálganir í aðgerðum gegn heimilisleysi.

IS2 – Skila samþættri og alhliða þjónustu fyrir fjölbreyttar hópa kvenna.

IS3 – Bjóða áfallamiðaðan og lágþröskulda stuðning fyrir heimilislausar konur.

IS4 – Virkja þátttöku heimilislausra kvenna í þróun og umbótum.



Lykilhugtök

- Áfallamiðuð þjónusta (e. *trauma-informed care*)
- Flókin áfallastreituröskun (e. *CPTSD*)
- Samkenndarþreyta (e. *compassion fatigue*) og kulnun (e. *burnout*)
- Valdefling (e. *empowerment*)
- Öryggi og traust í þjónustu



Fræðilegur grunnur

Áfallamiðuð nálgun byggir á því að skilja áhrif áfalla á líf einstaklinga og þjónustusamband.

- Markmið: Að skapa öruggt, traust og valdeflandi umhverfi fyrir þjónustuþega og starfsfólk.
- Byggir á samkennd, gagnsæi og virðingu.
- Áföll geta haft áhrif á tengslamyndun, traust og aðgengi að þjónustu.
- Þjónustan þarf að forðast endurupplifun áfalla og byggja á jafnræði og réttindum.



Grunnreglur áfallamiðaðrar nálgunar

1. Öryggi – líkamlegt, andlegt og tilfinningalegt.
2. Traust – gagnsæ samskipti og heiðarleiki.
3. Valdefling – stuðningur við sjálfsákvörðun og styrkleika einstaklinga.
4. Samvinna – jafningjaviðmið og teymisvinna.
5. Valfrelsi – virðing fyrir mörkum og persónulegum þörfum.



Áföll og faglegt umhverfi

- Fagfólk getur orðið fyrir óbeinum áhrifum áfalla (e. *secondary trauma*).
- Mikilvægt að innleiða áfallamiðaða menningu á vinnustað.
- Handleiðsla, jafningjastuðningur og samtal draga úr kulnun.
- Vellíðan starfsfólks er lykilatriði í áfallamiðaðri þjónustu.
- Stofnanir bera sameiginlega ábyrgð á öryggi og vellíðan starfsfólks.



Að skapa öruggari rými

- Rými þar sem þjónustubegar upplifa sig örugga og njóta virðingar.
- Skýr mörk, hlýja og gagnsæi í samskiptum.
- Að hlusta, trúá og forðast dómhörku.
- Áfallamiðuð menning er menning samkenndar og virðingar.



Æfingar og ígrundun

- Hvernig birtast áföll í daglegu starfi?
- Hvernig getum við forðast að endurvekja áföll í þjónustu?
- Hvernig styðjum við hvert annað sem samstarfsfólk?
- Hvaða leiðir eru til að efla öryggi og traust á vinnustaðnum?



Samantekt

Áfallamiðuð nálgun er ekki aðeins aðferð heldur menning.

Þegar öryggi, traust og valdefling eru innleidd í þjónustu og vinnuumhverfi eykst bæði gæði og sjálfbærni þjónustunnar.

Lota 3 undirstrikar mikilvægi þess að huga að manneskjunni – bæði fagfólki og þeim sem þjónustan nær til.



Lota 4

Að byggja upp tengslanet

- Byggjum sterkari tengslanet í stuðningsþjónustu
- Þróum og deilum skilningi á inngildandi tungutaki og nálgunum
- Eflum samstarf og samræmingu meðal fagfólks
- Aukum gæði og áhrif stuðnings



Samstarf og tengslamyndun

sameiginleg ábyrgð og samfella í þjónustu

- Lota 4 fjallar um mikilvægi samstarfs milli fagfólks, stofnana og samfélagslegra aðila.
- Markmiðið er að efla þverfaglegt samstarf, samábyrgð og samfellu í þjónustu við heimilisláusar konur.
- Tengist INTERACT-stöðlunum IS4 og IS5.



Inngildandi orðræða – tungumál sem stuðlar að virðingu og valdeflingu

- Tungumál mótar viðhorf, gildi og skilning á fólki og aðstæðum þess.
- Inngildandi orðræða forðast stimplun og fordóma og leggur áherslu á manneskjuna fremur en hegðunina eða vandann.
- Slík orðræða endurspeglar gildi verkefnisins: jafnrétti, virðingu, valdeflingu og mannréttindi.
- Að temja sér inngildandi orðræðu er lykilþáttur í áfallamiðaðri, kynjamiðaðri og mannréttindamiðaðri þjónustu.



Af hverju samþætting skiptir máli

- Heimilisleysi kvenna er margþætt og flókið fyrirbæri sem krefst samþættrar nálgunar.
- Samstarf milli heilbrigðis-, félags-, húsnæðis- og dómskerfa tryggir samfellu og forðar tvíverknaði.
- Gagnsæi, sameiginleg gildi, traust og virðing eru grunnur að árangursríku samstarfi.



Samvinna byggð á trausti og gagnkvæmri virðingu

- Traust og virðing eru forsenda fyrir árangri í tengslamyndun og samstarfi.
- Samræmd nálgun tryggir að þjónustan sé samfelld, skilvirk og sanngjörn.
- Sameiginleg markmið og reglulegt endurmat styrkja samvinnu til lengri tíma.



Verkfæri og aðferðir

- Þverfagleg teymi og samráðsvettvangur (stýrihópar og *intervision* vinnustofur) stuðla að lærdómi og samfelli.
- Sameiginleg þjálfun og handleiðsla styrkir tengsl milli stofnana.
- Skýr samskipti og hlutverkaskipan eru lykilatriði í farsælu samstarfi.
- Tengslamyndun felur í sér að byggja upp og rækta tengsl og traust yfir kerfismörk.



Sameiginleg ábyrgð og mælanleg áhrif

- Samábyrgð felur í sér að allir aðilar bera hluta af ábyrgð á velferð notenda þjónustunnar.
- Notkun kynjavísa og kyngreindra gagna (IS5) tryggir gagnsæi og raunhæft mat á árangri.
- Með samstarfi og tengslamyndun er hægt að hafa áhrif á stefnumótun, kerfisbreytingar og menningu innan þjónustukerfa.



Samvinna sem afl breytinga

Samvinna er ekki markmið í sjálfu sér, heldur leið til að skapa réttlæti, öryggi og mannlega reisn.

- Hvað einkennir gott samstarf í þínu starfsumhverfi?
- Hvernig má efla tengslamyndun milli kerfa til að tryggja samfellu í þjónustu og öryggi fyrir konur í viðkvæmri stöðu?



Aðlögun og samræming hugtaka í íslensku samhengi

- Í INTERACT verkefninu var lögð sérstök áhersla á að aðlaga hugtök að íslenskum aðstæðum án þess að tapa upprunalegri merkingu.
- Þýðing og notkun hugtaka þarf því að byggja á samræmdu mati fagfólks og fræðimanna, með tilliti til menningarlegs og faglegs samhengis.
- Samræmd og meðvituð hugtakanotkun styrkir faglegt samstarf og tryggir gæði í fræðslu og þjónustu.



Takk fyrir
þátttökuna!